

24.5.2016

Velferðarnefnd Alþingis – umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2020,  
678. Mál

Athugasemdir:

Liður 1 g.

Læknar lenda oft í samningum við einstaklinga sem eru að fá ávísað ávanabindandi lyfjum vegna þess að þeir eru beðnir um að ávísa ódýrustu pakkningum. Sem dæmi í lyfjaverðskrá sem gefin er út af lyfjagreiðslunefnd, þá er Greiðslupátttökuverð fyrir 10 töflu pakkningu af Imovane 1.417 krónur en 30 stykkja pakkningin er með verðið 1.381 krónur. Fyrir ávanabindandi lyf eins og Imovane sem aðeins er hugsað til notkunar í stuttan tíma er furðulegt að verð á pakkningum sé magnsöluhvetjandi eins og raun ber vitni. Imovane er mest notaða ávanabindandi lyfið á markaði í dag og er það megin ástæðan fyrir því að svefnlyfjanotkun er mest á Íslandi af norðurlöndum (Árið 2014 var notkun svefnlyfja 22,2 dagskammtar á 1000 íbúa en næst á eftir kom Noregur með 15,5). Kostnaðarvitund lækna og þeirra sem misnota ávanabindandi lyf er góð en það vantar skýrar reglur sem koma í veg fyrir að ávanabindandi lyf séu háð markaðslögmálum en töfluverð ávanabindandi lyfja ætti að vera óháð pakkningstærð í lyfjaverðskrá.

Liður 1 i.

Mörg lausasölulyf eru þess eðlis að þau ætti ekki að afgreidd nema af lyfjafræðing, auk þess er pósthjónusta (með afgreiðslu lyfjafræðinga) þannig í dag að hún getur komið í staðinn fyrir þörfina á að lyf séu seld í almennum verslunum.

Liður 2 f.

Til að sporna við fjöllum lyfjanotkun hefur verið búinn til nýr lyfjagagnagrunnur sem sýnir læknum lyfjaávisanir í rauntíma, vandamálið er hins vegar að sumir læknar nota ekki lyfjagagnagrunninn eða að þeir nota hann sjaldan. Fyrir einstaklinga í miklum fíknivanda þarf úrræði sem kalla á meira skilyrt utnumhald af læknum og apótekum.

Viðbótar athugasemd

Mikið af ávanabindandi lyfjum sem læknar ávísa rata á svartan markað vegna þess að einstaklingar gera sér upp veikindi til að fá lyf til að selja. Mörg lyf eru gerð upptæk af lögreglu en ábendingar berast sjaldan til Embættis landlæknis (EL) þannig að hægt sé að stöðva ávisanir til þeirra sem selja. Engin lög eða reglugerðir gefa leyfi fyrir því að slíkar upplýsingar berist frá lögreglu til EL og öfugt. Á Íslandi er í raun sérstakt ástand miðað við aðrar þjóðir, hér á landi er eru læknalyf stór hluti af alvarlegri misnotkun á meðan aðrar þjóðir eru með ólögleg efni sem megin misnotkunar vandamál hjá sama hóp. Lyfín eru sum mjög hættuleg til misnotkunar en árið 2015 voru 34 andlát til skoðunar hjá EL en skoðun leiðir í ljós að í mörgum tilfellum höfðu hinir látnu ekki fengið ávísað lyfjunum sjálfir. Í 9 af þessum 34 fannst methylfenidat (t.d. lyfið Rítalín) en aðeins einn hafði fengið lyfinu ávísað. Á hverju ári eru hundruðir einstaklinga lagðir inn á bráðadeild Lsh vegna lyfjaeitrona en EL hefur ekki skýrt leyfi til að skoða markvisst ávisanir til þessara einstaklinga.

Undirritaður starfar í lyfjateymi EL

**Kveðja**

**Ólafur B. Einarsson Bsc, Msc**

Verkefnisstjóri / Project manager